




## BREYTING Á AÐALSKIPULAGI MÝRDALSHREPPS 2021-2033

Gerð er óveruleg breyting á Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033 sem staðfest var þann 05.07.2023. Um er að ræða breytingu á texta í greinargerð, *kafli 5.2 VERSLUN OG ÞJÓNUSTA (VP)*, töflu 8. Verslunar- og þjónustusvæði. Gerð er breyting á hámarkshæð á reit VP5 Klettsvegur 1, þar sem hámarkshæð er hækkuð úr 9m í 10m.



Mynd 1. Hluti af þéttbýlisuppdraetti Aðalskipulags Mýrdalshrepps 2021-2033. Ekki er gerð breyting á uppdraettinum.

Um verslun og þjónustu segir í skipulagsreglugerð nr. 90/2013:

*Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótelum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum.*

Gerð er breyting á töflu 8, svæði VP5 Klettsvegur 1.

Fyrir breytingu:

| Nr.      | Heiti         | Lýsing & Skilmálar                                                                                                                                  | Fjöldi gistirúma: | Stærð (ha) |
|----------|---------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------|------------|
| Þéttbýli |               |                                                                                                                                                     |                   |            |
| VP5      | Klettsvegur 1 | Hótel Vík í Mýrdal, hótél og veitingar. Heimilt er að byggja hús á 3 hæðum og mænishæð að hámarki 9. Hámarks byggingarmagn er 6500 m <sup>2</sup> . | 350               | 2,0        |

Eftir breytingu

| Nr.      | Heiti         | Lýsing & Skilmálar                                                                                                                                    | Fjöldi gistirúma: | Stærð (ha) |
|----------|---------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------|------------|
| Þéttbýli |               |                                                                                                                                                       |                   |            |
| VP5      | Klettsvegur 1 | Hótel Vík í Mýrdal, hótél og veitingar. Heimilt er að byggja hús á 3 hæðum og mænishæð að hámarki 10m. Hámarks byggingarmagn er 6500 m <sup>2</sup> . | 350               | 2,0        |



Breytingin er metin óveruleg þar sem um lítilsháttar aukningu á mænishæð er að ræða og breytingin hefur ekki áhrif á aðra en umsækjendur. Breytingin samræmist almennum ákvæðum aðalskipulagsins fyrir verslunar- og þjónustusvæði, þar sem lögð er áhersla á hagkvæma nýtingu lóða, en þar segir m.a.:

- Áhersla skal lögð á hagkvæma nýtingu lóða og vandaða ásýnd bygginga og lóðafrágang. Nánari ákvæði um vandaða hönnun bygginga, lóðaskipulag og fyrirkomulag bílastæða verði sett í deiliskipulagi með það markmið að stuðla að góðri ásýnd og greiðri aðkomu.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann 16. október 2025

*[Handwritten signature]*



Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 17. des 2025.

*[Handwritten signature]*



|                                                                                       |                  |
|---------------------------------------------------------------------------------------|------------------|
|  | Skipulagsstofnun |
| Mótt.:                                                                                | 11 des. 2025     |
| Málnr.                                                                                | SA1902N          |
| 2025 11084                                                                            |                  |